

Íslenska sem annað tungumál fyrir fullorðna

Leiðarvísir - kennsluleiðbeiningar

Menntamálaráðuneytið
Október 2000

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 19

Október 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

Prentun: Oddi.

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-61-1

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Íslenska sem annað tungumál fyrir fullorðna útlendinga.....	6
Hlutverk leiðarvísis í íslenskukennslu fyrir útlendinga.....	7
Markmið náms og kennslu.....	7
Markmið íslenskukennslunnar.....	8
Skipan náms.....	9
Uppbygging námsins.....	9
Námsmat.....	10
Stöðupróf.....	10
Dæmi um námsmatsaðferðir sem byggjast á stöðuprófi.....	12
Munnleg próf.....	12
Skrifað eftir upplestri.....	13
Eyðufyllingarverkefni.....	13
Nemendur – samsetning hópa.....	14
Þrep.....	14
1. þrep - A.....	15
1. þrep - B.....	15
2. þrep.....	16
3. þrep.....	17
4. þrep.....	17
Dæmi um viðfangsefni.....	18
Uppbygging á viðfangsefnum.....	19
Talþjálfun.....	19
Hlustun.....	19
Lestur.....	20
Ritun.....	20
Málfræði.....	20
Málnotkun.....	21
Námsmat að loknu hverju þrepi.....	22
Dagbækur - tölvupóstur.....	22
Viðtöl.....	22
Listar.....	22
Möppumat.....	23
Leiðbeiningar til kennara.....	23
Nám fullorðinna.....	23
Áhrif móðurmáls.....	24
Framburður.....	24
Nemendur sem tala tungumál sem eru rituð með öðru lettri.....	25
Menning.....	26
Aðferðir sem reynst hafa vel í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	26
Samvirkt nám - hlutverkanám.....	26
Ferlisritun – skrifað í skrefum.....	27
Aðlögun kennslu.....	27
Námsgögn.....	28
Lýsing á þrepum.....	28
1. þrep.....	29
2. þrep.....	38
3. þrep.....	47
4. þrep.....	56

Formáli

Í þessu hefti er að finna náms- og kennsluleiðbeiningar í íslensku fyrir fullorðna útlendinga sem eru búsettir hér á landi og hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Markmið með þessari útgáfu er að gefa kennurum og leiðbeinendum á íslenskunámskeiðum almennar leiðbeiningar um það hvernig æskilegt er að haga námi og kennslu í íslensku fyrir fullorðna útlendinga. Tilgangur menntamálaráðuneytisins með útgáfu á þessum leiðarvísi er að gefa þeim aðilum sem bjóða fram nám í íslensku fyrir útlendinga aukið tækifæri til þess að samræma námsmarkmið og kennslu í íslenskunáminu. Þessi leiðarvísir um kennslu í íslensku fyrir útlendinga er gefinn út í framhaldi af vinnu nefndar á vegum menntamálaráðuneytis, sem fjallaði um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi, og aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla frá árinu 1999 en þar er fjallað um stöðu nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku sem sitt eigið.

Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla

Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskólum og framhaldsskólum er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að

- *íslensku skólastarfi*
- *íslensku samfélagi*
- *virku tvítyngi*
- *tveimur menningarheimum*

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er meira en tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að hjálfa nemendur í íslensku máli og menningarferni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi, örva námsgetu og námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Markmiðunum má ná með því að

- *greina stöðu og þarfir einstakra nemenda áður en námsáætlun er gerð*
- *brúa bil milli móðurmáls og menningar annars vegar og íslensks máls og menningar hins vegar*

- *huga að menningar- og námslegum forsendum sem liggja að baki góðri námsframvindu*
- *stuðla að áframhaldandi þróun námsþroska og eflingu læsis með sérstakri áherslu á lesskilning*
- *byggja á þekkingu og undirstöðu sem fyrir er í einstökum námsgreinum og því er nauðsynlegt að athuga hvort þekkingargrunnur sé sambærilegur og hjá öðrum nemendum*
- *leggja áherslu á að nemendur öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra samtímis því sem þeir læra íslensku, m.a. með því að laga allt námsefni að námsgetu og málþærni hvers einstaklings hverju sinni*
- *þjálfa markvisst ýmis hugtök sem tengjast skólastarfi og einstökum námsgreinum*

Íslenska sem annað tungumál fyrir fullorðna útlendinga

Í leiðarvísinum eru skilgreind markmið íslenskukennslu fyrir útlendinga og veittar ýmsar leiðbeiningar. Við gerð þessa leiðarvísis var tekið mið af reynslu liðinna ára í nýbúafræðslu, t.a.m. í Bandaríkjunum, Danmörku, Noregi og á Íslandi. Markmið náms og kennslu er að auka færni fólks í íslensku, gefa því aukin tækifæri til að tala og bjarga sér í samskiptum við íbúa landsins. Tekið er tillit til íslenskra aðstæðna, m.a. er gert ráð fyrir kennslu í fámennum hópum þar sem fólk er með mismunandi bakgrunn í tungumálanámi, ólík móturmál og kunnáttu í íslensku. Einnig eru veittar leiðbeiningar um kennslu í stærri hópum þar sem nemendum er skipt eftir getu og upprunalandi.

Í leiðarvísinum er að finna skilgreind þrep, sem hægt er að dreifa eða þjappa saman eftir þörfum, og er loka- og áfangamarkmiðum hvers þreps lýst. Gert er ráð fyrir að kennarar safni hagnýtu efni úr daglegu lífi og flokki eftir viðfangsefni en noti leiðarvísinn sem ramma utan um kennsluna og vinni samkvæmt markmiðum hennar. Miðað er við að kennarar velji námsefni og efnisatriði í kennslu sem henti þeim markmiðum sem stefnt er að með hverju þrepi. Að lokum fylgja leiðbeiningar til kennara um eðli íslenskukennslu fyrir fullorðna og hagnýtar upplýsingar um kennsluaðferðir og kennslugögn.

Hlutverk leiðarvísis í íslenskukennslu fyrir útlendinga

Leiðarvísinum er ætlað að leiðbeina um kennslu fyrir útlendinga á fullorðinsaldri sem þurfa að læra að nota íslensku í daglegu lífi og starfi og til að geta átt samskipti við aðra. Hópurinn getur verið mjög sundurleitur, með ólíka menntun, mismunandi menningarlegan bakgrunn og móðurmál. Allir þessir þættir hafa áhrif á tungumálanám og það ferli sem nám í erlendu tungumáli krefst. En hópurinn á líka ýmislegt sameiginlegt sem aðgreinir hann frá nemendum í almennum skólum. Þessi þættir eru m.a.:

1. *Mismunandi lífsreynsla sem nýta má í náminu og gerir það hagnýtara, auðveldar skoðanaskipti og eykur möguleika á eðlilegri málþjálfun*
2. *Þörf fyrir íslenskunám. Nemendurnir þurfa að læra íslensku til að eiga auðveldara með samskipti í daglegu lífi við Íslendinga. Þeir eru oft í fullu starfi og með fjölskyldu og mikilvægt að kennslan taki mið af aðstæðum nemenda. Ef þeir telja sig ekki hafa gagn af kennslunni hætta þeir náminu*
3. *Skýr tilgangur náms. Fullorðnir sækja námið til að læra íslensku vegna þess að þeir þurfa að nota íslenskuna hér á landi í daglegu lífi. Þetta markmið er mjög ólíkt því að læra íslensku eða erlent mál almennt í skólum.*

Mikilvægt er að sníða kennslu og kennsluaðferðir að þörfum nemenda. Kennslan og námið í heild þurfa að hafa hagnýt markmið, byggð á raunverulegu, hagnýtu námsefni og viðfangsefnum sem þjálfar samskiptafærni nemenda, sérstaklega talmál og málskilning. Málfræðiatríði eru yfirleitt kennd í samhengi við eðlilega málnotkun og fléttast því í almenna íslenskukennslu. Mikilvægt er að námið tengist veruleika nemenda á sem bestan hátt. Með því eykst þátttaka þeirra og virkni í íslenskunáminu. Námið er byggt á þemum sem tengjast íslenskri menningu og daglegu lífi en innan hvers þema eru nemendur þjálfaðir í málfærni og menningarfærni, þ.e.a.s. talmáli, málskilningi, lestri, ritun, málfræði og málnotkun sem nýtist nemendum við dagleg störf og í samskiptum við aðra.

Markmið náms og kennslu

Markmið náms í íslensku fyrir fullorðna útlendinga er að veita fólki, sem flyst til Íslands frá öðrum málsvæðum, færni í íslensku máli og veita þeim innsýn í íslenska menningu og félagslíf sem gagnast má í daglegu lífi í íslensku samfélagi.

Markmið íslenskukennslunnar

Nemandi

- öðlist undirstöðuþekkingu í hagnýtu íslensku máli, s.s. framburði, setningaskipan, og beygingum
- fái fræðslu um íslenska málnotkun
- fái fræðslu um íslenskt samfélag, siði, menningu og landshætti til að auðvelda samskipti og virkari þátttöku í íslensku menningar- og atvinnulífi

Samskiptafærni er skipt í eftifarandi þætti samkvæmt „Threshold“- kerfi Evrópuráðsins.

Nemandi geti

- tekið þátt í, haldið við og lokið samræðum
- talað um hlutlæg atriði og tengsl þeirra
- tjáð mismunandi þrep á löngun og sýnt sveigjanleika í skoðunum
- skýrt eigin þarfir og vilja ásamt trúar- og siðferðilegum forsendur þeirra
- lýst hugmyndum og skoðunum og geti haft áhrif á skoðanir viðmælenda
- spurt og svarað á hæfilegan hátt miðað við aðstæður
- leyst úr misskilningi og svarað fyrir sig með viðeigandi hætti

Starfstengdri málfærni má lýsa á eftirfarandi vegu, þ.e. að einstaklingurinn geti

- gefið upplýsingar um sjálfan sig, t.d. heimilisfang, símanúmer
- lýst menntun sinni, fyrri störfum og hæfileikum
- lesið og skilið atvinnuauðglýsingar
- fyllt út umsóknareyðublöð
- skilið og fylgt atvinnutengdum leiðbeiningum
- skilið og notað mál sem tengist öryggi á vinnustað
- fundið upplýsingar í atvinnutengdu lesefni
- skilið tækniorð og texta sem tengist atvinnu
- skilið töflur, gröf og myndir og tengt við texta í atvinnutengdu lesefni

Til þess að ná fram ofangreindum markmiðum er mælt með því að íslenskukennsla fullorðinna feli í sér eftirtalda þætti:

1. Að kennslan taki mið af stöðu nemandans, sé í samræmi við þarfir hans, tungumálabakgrunn, fyrri nám og kunnáttu í íslensku.
2. Námi sé skipt í skilgreind þrep þar sem markmið hvers þreps miðast við að víkka og dýpka þá málfærni sem náðist á fyrri þrepunum.

3. Próf eða kannanir séu notaðar til að meta færni í íslensku og hvaða þrep sé hæfilegast fyrir nemandann, einnig til að ákvarða flutning milli þrepa.
4. Kennarar hafi þekkingu og skilning á máltileinkun fullorðinna, þeim kennsluaðferðum og námsefni sem henta markmiðum íslenskunámsins.
4. Kennslan sé markviss með skýrum markmiðum á sviði málfræði, hagnýtrar málnotkunar og til kynningar á íslenskri menningu.
5. Náms efni sé hagnýtt, við hæfi og tengist raunveruleika nemenda.
6. Stuðst sé við tölvu- og upplýsingatækni í íslenskukennslu, margmiðlunarefni hagnýtt eins og kostur er ásamt aðgengilegu efni á Netinu.


Skipan náms

Markmið náms og kennslu er sett fram á fjórum þrepum. Fyrsta þrepið skiptist í A og B en þau seinni nefnast 2. þrep, 3. þrep og 4. þrep. Gert er ráð fyrir því að kennsla á fyrstu þrepum verði umfangsmeiri en á seinni þrepum, enda þörfin mest í byrjun. 1. þrep - A er fyrir þátttakendur sem eru illa læsir á eigið móðurmál. 1. þrep - B er fyrir aðra byrjendur. Stígandi íslenskunáms fyrir útlendinga byggist á þeirri þræparöðun sem kynnt er í þessum leiðarvísi.

Uppbygging námsins

1A fyrir þá sem eru illa læsir.

1B fyrir aðra byrjendur.



Mynd nr. 1 – Dæmi um þræparöðun náms í íslensku fyrir útlendinga

Í þessum leiðarvísi er gert ráð fyrir því að um 1/10 hvers þreps sé varið til upprifjunar. Tilgangur upprifjunar er að viðhalda kunnáttu nemenda og ganga úr skugga um að þátttakendur á efri þrepum hafi svipaða undirstöðu og hinir sem farið hafa í gegnum markvissst nám.

Mælt er með því að nemendur fari í stöðupróf við upphaf náms til að ákvarða nánar stöðu þeirra í námi. Ekki er gert ráð fyrir því að byrjendur séu prófaðir. Framfarir nemenda eru síðan kannaðar að loknu námi á hverju þrepi. Gert er ráð fyrir því að nemendur fái sérstakt viðurkenningarskjal að loknu námi á einstökum þrepum til staðfestingar á náminu.

Námsmat

Námsmat getur farið fram með ýmsu móti, t.d. mati á verkefnum, ritgerðum, munnlegu prófi eða munnlegum flutningi efnis, lausn hópverkefna, dagbókum, getu nemenda að fylgja leiðbeiningum kennara o.s.frv.. Tilgangur námsmats er líka mismunandi, t.d. er stöðuprófi ætlað að meta almenna kunnáttu við upphaf náms. Námsmati af öðrum toga er ætlað að sýna framfarir og kunnáttu nemenda í ákveðnum námsþáttum hvers þreps.

Stöðupróf

Oft er erfitt er að meta kunnáttu nemanda í tungumáli með það fyrir augum að ákvarða á hvaða þrepi hann skuli hefja nám. Nemandinn getur verið mjög góður á einu sviði málsins en skort fófestu í öðrum þáttum. Þannig er hugsanlegt að nemandinn geti lesið og skrifað vel en geti lítið talað og skilið eða öfugt. Því er mikilvægt að hann fái kennslu við hæfi og að námsgögn og kennsla séu í samræmi við íslenskukunnáttu hans og almennan málþroska. Eftirfarandi viðmið gætu gagnast til þess að ákvarða upphaf náms í íslensku fyrir útlendinga. Óþarfi er að prófa algjöra byrjendur.

Nemandi fer á 1. þrep í íslensku ef hann

- skilur lítið sem ekkert af því sem er sagt við hann
- er ekki fær um að svara á íslensku
- notar ekki íslenskar samtals- og samskiptavenjur
- er með að lágmarki grunnskólanám á móðurmáli sínu
- hefur einhverja þekkingu á latnesku ritkerfi ef móðurmálið er ritað á öðru kerfi.

Nemandi fer á 2. þrep í íslensku ef hann

- virðist skilja eða ná samhengi í stuttu einföldu samtali með aðstoð endurtekninga og handahreyfinga
- getur lítillega svarað fyrir sig með einu orði og stuttum orðasamböndum, oft endurtekningum á orðum viðmælanda
- hefur mjög stíðan framburð
- getur lítið sem ekkert tekið þátt í samskiptum á íslensku
- getur skrifað, lesið og skilið einstök orð og stuttar, algengar setningar en á enn erfitt með að skilja málsgreinar.

Nemandi fer á 3. þrep í íslensku ef hann

- sýnir grunnskilning á uppbyggingu málsins
- getur sett saman einfaldar setningar og tekið þátt í samræðum við einstaklinga um málefni, sem hann þekkir vel til, en á erfitt með að skilja samræður hópa um ókunnug málefni og málefni utan staðar og stundar
- getur lesið stutta, einfalda texta en á erfitt með að ná aðalatriðum
- hefur áberandi áherslur og hljóð úr móðurmálinu í íslenskum framburði
- getur brugðist við samskiptum sem beinast að honum sérstaklega.

Nemandi fer á 4. þrep í íslensku ef hann

- getur sett saman nokkurn veginn skiljanlegar setningar
- getur lesið og skrifað einfalda, stutta texta með undirbúningi
- hefur stíðan framburð sem einkennist af áherslum og hrynjandi móðurmálsins
- getur bjargað sér í almennum samskiptum við Íslendinga og fjallað um hlutlæg málefni í eðlilegu, kunnuglegu samhengi þar sem notað er málfar sem er laust við málshætti og óvenjulegt orðalag.

Málfærni má meta með munnlegum eða skriflegum prófum. Notast skal við viðtöl, endurritun eftir upplestri, eyðufyllingar og stuttar ritgerðir.

Dæmi um námsmatsaðferðir sem byggjast á stöðuprófi

Munnleg próf

Hentugt er að meta íslenskukunnáttu fullorðinna með viðtali. Á þann hátt má líka kanna málakunnáttu þeirra sem ef til vill eru illa læsir, hvort sem er á íslensku eða móðurmálinu. Mikilvægt er að útskýra að tilgangur viðtalsins sé að tryggja að nemandi byrji námið á því þrepi sem hæfir kunnáttu hans. Í viðtalinu væri hægt að notast við eftirfarandi spurningar eftir því sem við á:

1. Hvað heitir þú?
2. Hvar áttu heima?
3. Ertu kvæntur/gift? Í sambúð?
4. Áttu börn?
5. Hvar ertu fædd/ur?
6. Hvaða dagur er í dag?
7. Hvar vinnur þú?
8. Hvað gerir þú?
9. Hve lengi hefur þú verið í ----bæ, á Íslandi?
10. Á hvað viltu helst leggja áherslu? Að tala betur? Betri framburð? Lesa íslensku? Skrifa íslensku?
11. Hvers vegna viltu læra íslensku?
12. Hvað gerir þú þegar þú ert í fríi?
13. Hvað er að gerast á myndinni?

Endurtakið spurningarnar og útskýrið eftir þörfum. Við námsmatið væri hægt að gefa 2 stig fyrir skýr og góð svör, eitt stig fyrir óskýr eða torskilin svör og ekkert stig ef nemandinn getur ekki svarað. Að loknu viðtalinu væri hægt leggja saman stigin og nota eftirfarandi til viðmiðunar: Ef viðmælandi fær 0-10 stig er hann sennilega byrjandi, 11-20 á 2. - 3. þrepi og ef stigin eru fleiri en 20 fer nemandinn á 3.- 4. þrep. Spurningarnar og stigamatið er eingöngu hugsuð til viðmiðunar og má breyta eftir aðstæðum. Spyrill verður alltaf að styðjast við eigin dómgreind og reynslu við matið.

Skrifað eftir upplestri

Meta má málkunnáttu og færni í ritun með því að láta nemendur skrifa eftir upplestri. Einfaldast er að nota texta með u.þ.b. 100 orðum úr efni sem notað er á 1. eða 2. þrepi. Útskýrið fyrir nemendum að textinn verði lesinn þrisvar.

- 1) Lesið textann allan einu sinni hátt og skýrt en með eðlilegum hraða til að gefa nemendum tækifæri til að átta sig á innihaldinu.
- 2) Lesið síðan textann aftur og látið nemendur skrifa hann. Lesið hægt og skýrt og gerið stutt hlé eftir nokkur orð eða á undan kommu eða punkti. Endurtakið ekki.
- 3) Að lokum er textinn lesinn í þriðja sinn til að gefa nemendum tækifæri til að fylla inn í eyður og/eða leiðrétt.

Einnig er hægt að lesa texta og láta nemendur svara efnisspurningum á formi fjölvalsverkefna eða með því að láta nemendur endursegja textann í stuttu, rituðu máli.

Meta má málfærni nemenda með því að setja merki við hvert orð sem vantar og hverja villu. Síðan eru merkin einfaldlega talin og þeir sem eru með flestar villur fara á 1. þrep o.s.frv. Í þeim tilvikum þar sem aðeins er einn bekkur má nota upplýsingarnar til að skipta nemendum í hópa eftir getu.

Eyðufyllingarverkefni

Eyðufyllingarverkefni eru oft notuð til að kanna málfærni. Notaður er stuttur texti (um 100-150 orð) úr námsefni fyrir byrjendur. Best er að nota almennan texta sem er laus við sjaldséð orð og sérnöfn. Fyrsta setningin er látin standa óbreytt en tekið út sjöunda hvert orð úr öllum öðrum setningum. Skildar eru eftir eyður með númerum sem nemendur geta fyllt inn í. Nemendur lesa textann allan einu sinni. Síðan fylla þeir í eyðurnar með orðum við hæfi. Eitt stig er gefið fyrir hvert rétt orð sem valið er. Síðan eru stigin talin og nemendum raðað á þrep eftir þeim. Þeir sem fá fæst stig fara á 1. þrep o.s.frv.

Tekið skal fram að þessi próf eru ónákvæm og eru sett fram sem tillaga að námsmati. Vissulega má nota annað mat við hæfi, s.s. upplestur, skrifleg svör við spurningunum eða könnunarpróf sem samin eru sérstaklega fyrir fullorðna.

Nemendur – samsetning hópa

Fjöldi nemenda í hóp fer nokkuð eftir aðstæðum og stöðu nemenda. Æskilegt er að hafa færri nemendur í hóp ef þeir eru ólæsir. Það getur reynst æskilegt að velja saman í hóp fólk sem talar tungumál sem eru skyld innbyrðis, sérstaklega ef móðurmálið er skrifað samkvæmt öðru ritkerfi en því latneska en þá er að einhverju leyti hægt að skírskota til móðurmáls nemenda. Nemendur með móðurmál sem eru skyld íslensku geta stundum nýtt sér skyldleika málanna í náminu. Þó er þetta ekki algilt. Til þess að samanburður milli tungumála komi að verulegu gagni þurfa bæði kennari og nemendur að hafa allgóða undirstöðu og þjálfun í málfræði og málgreiningu. Ókosturinn við að raða nemendum saman í hópa eftir skyldleika móðurmáls er að oft reynist erfitt að fá fólk með sama móðurmál til að tala saman á öðru tungumáli og kemur það niður á málþjálfun. Ef nemendahópurinn samanstendur af fólki sem er með misjafna kunnáttu, undirbúning og ólíkan menningarlegan bakgrunn þá er mælt með því að gerð sé námsáætlun fyrir hvern einstakling. Kennslan fer þá mikið til fram í minni hópum og paravinnu þar sem sterkari nemendur aðstoða þá sem styttra eru komnir og einn hópur vinnur að lausn verkefnis meðan kennari vinnur með öðrum hópi.

Þrep

Í þessum kafla er lýst markmiðum og innihaldi kennslu á hverju þrepi. Hér á eftir fara lýsingar á markmiðum og inntaki hvers þreps sem miðast við talað mál, skilning á mæltu og rituðu máli, lestur, ritun, málfræði, málnotkun og kynningu á menningu. Þá eru lýsingar á almennri málfærni að loknu hverju þrepi. Tekið skal fram að lýsingarnar eru eingöngu til viðmiðunar. Ljóst er að málanám er einstaklingsbundið og erfitt að ákvarða nákvæmlega kunnáttu sundurleits hóps

1. þrep - A

Gert er ráð fyrir því að 1. þrep - A sé fyrir fullorðna sem ekki eru læsir á móðurmáli sínu og geta ekki notast við ritmál í íslenskunáminu. Auk þess er líklegt að skólaganga þessa fólks sé takmörkuð og að það takist á við nám með öðrum hætti en íslenskir kennarar eiga að venjast.

Nemendur, sem eru ólæsir á móðurmálinu sínu, þurfa sérstaka aðstoð sem byggist bæði á lestrar- og tungumálakennslu. Hægt er að byrja á því að kenna eingöngu talmál, án aðstoðar ritaðs máls. Eins er hægt að kenna nemendum undirstöðuatriði í lestri með íslenskunáminu. Mælt er með lestrarnámi þar sem erfitt er að komast áfram í íslensku samfélagi án lestrarkunnáttu.

Í upphafi þarf að kanna lestrarkunnáttu nemenda. Ef í ljós kemur að nemandinn stendur höllum fæti í lestri er mælt með að hann fari í hóp þar sem lestrarkennsla fer fram samtímis þjálfun í íslensku. Bent er á að fullorðinn nemandi, sem ekki er læs, hefur oftast lítinn orðaforða og almennt litla málfærni í íslensku en til lítils er að kenna hljóðalestur ef nemandinn þekkir ekki orð.

Ólæsir fullorðnir hafa komist í gegnum lífið án þess að geta lesið. Kennslan verður því að hafa skýran tilgang. Oftast er byrjað á að þjálfva nemendur í að þekkja algeng smáorð, nöfn og orð úr umhverfinu. Síðan er stafrófið kennt og hljóðalestur. Að lokum skrifa nemendur og lesa eigin texta. Þetta má gera með þeim hætti að kennarinn skrifar orð og setningar frá nemendum sem þeir síðan lesa. Áherslu ætti að leggja á hagnýtan lestur, s.s. að lesa á umbúðir, skilti og einföld skilaboð.

1. þrep - B

1. þrep - B er ætlað nemendum sem eru ófærir um að nota einföldustu orð á íslensku og hafa mjög takmarkaðan orðaforða.

Kynnt eru undirstöðuatriði íslensks orðaforða, formbygging málsins og málnotkun. Áhersla er lögð á framburð, munnlega tjáningu og skilning einfaldra

orða og orðasambanda úr daglegu máli. Lestur og ritun miðast við stuttan hagnýtan texta sem nemendur eru líklegir til að þurfa að lesa eða skrifa utan kennslustunda. Undirstöðuatriði íslenskrar málfræði er kennd í tengslum við eðlilega málnotkun.

Markmið 1. þreps - B er eftirfarandi:

Nemandi

- skilji orð og hafi kynnst uppbyggingu íslensks máls og málnotkunar
- skilji og geti hagnýtt einfalt mál í kennslustundum, oftast stutt algeng orðasambönd, s.s. „ég heiti” og einstök orð, oftast nær með aðstoð mynda, útskýringa og með nokkrum undirbúningi
- þekki skrifuð orð og orðasambönd við sérstakar aðstæður
- setji saman einfaldar skrifaðar setningar með aðstoð og undirbúningi.

Á þessu stigi er nemandinn tæplega fær um að nýta sér íslensku utan kennslustunda fyrr en undir lokin. Þetta getur verið einstaklingsbundið. Óraunhæft er að ætla að nemandinn hafi rétta málbeitingu eða framburð á valdi sínu á þessu þrepi en markmiðið er að fá nemandann til að spreyta sig á málinu.

2. þrep

Á þessu þrepi er málskilningur og málnotkun æfð. Verkefni eru hagnýt og tengjast raunverulegum aðstæðum og reynslu nemenda. Mælt er með kennslu sem byggist á hlutverkaleikjum og verkefnum þar sem nemendur verða að skiptast á upplýsingum eða vinna saman að ákveðnum verkefnum. Leitast er við að auka vilja og þörf nemenda til þess að tjá sig. Mikilvægt er að undirbúa nemendur vel fyrir öll verkefni. Nemandi er á fyrsta þrepi máltileinkunar.

Markmið 2. þreps er eftirfarandi:

Nemandi

- setji saman einfaldar stuttar setningar, svari með einsatkvæðisorðum
- skilji orð og einfaldar setningar í samhengi við stað og stund
- lesi og skilji stuttar setningar og einfaldar málsgreinar um málefni sem tengjast reynslu hans og þekkingu
- skrifi einfaldar setningar með undirbúningi.

Málnotkun nemenda verður áreynslulausari og þor og áræðni eykst. Málskilningur og málnotkun eykst utan kennslustofunnar. Nemandinn er á öðru þrepi máltileinkunar.

3. þrep

Mælt er með því að lestur og ritun verði umfangsmeiri í námi og að sem flest viðfangsefni tengist hagnýtum verkefni. Tilgangur kennslu er að auka færni nemenda. Leitast er við að velja umfjöllunarefni sem höfða sérstaklega til útlendinga og líklegt er að þeir hafi skoðun og þekkingu á. Með því að velja kunnugleg verkefni ætti að leggja meiri áherslu á form en innihald.

Markmið 3. þreps er eftirfarandi

Nemandi

- setji saman setningar og beri þær fram þannig að skiljist
- skilji daglegt mál ef talað er skýrt og umfjöllunarefnið er kunnugt
- lesi og skilji texta frá orði til orðs en gæti átt í erfiðleikum með að finna aðalatriði í þeim
- skrifi einfalda texta um kunnug málefni.

Nemandinn getur tekið þátt í samræðum við einstaklinga um málefni sem hann þekkir vel til en á erfitt með samræður í hópum um ókunnug umræðuefni og hugmyndir utan staðar og stundar. Leitast er við að gera nemandanum kleift að bregðast við algengum atvikum í samskiptum manna á meðal.

4. þrep

Viðfangsefni þess þreps verða huglægari og byggjast meira á sjálfstæðri vinnu.

Markmið 4. þreps er eftirfarandi

Nemandi

- tjái eigin hugmyndir, tilfinningar, skoðanir og geti sagt frá atburðum á einföldu máli þannig að aðrir skilji
- geti bjargað sér í flestum algengustu daglegum samskiptum við Íslendinga, tekið þátt í einföldum samræðum um kunnug málefni með hæfilegum hraða á máli sem er laust við torskilin orð og orðasambönd, skilið sjónvarpsfréttir,

gæti þó átt erfitt með að skilja útvarpsfréttir þar sem myndir vantar til að auðvelda skilning

- geti lesið texta sem tengist raunverulegum aðstæðum og reynslu hans
- geti skrifað það sem hann þarf á að halda í daglegum athöfnum sínum.

Leitast er við að gera nemandann nokkurn veginn sjálfbjarga og byggja upp nægilegan grunn til að bæta á málið upp á eigin spýtur.

(Sjá nánari lýsingu á þrepum íslenskunáms frá bls. 28)

Dæmi um viðfangsefni

Leitast er við að gera íslenskunámið skilvirkt og hagnýtt fyrir nemendur. Til hægðarauka eru skilgeind tólf viðfangsefni. Gert er ráð fyrir því að nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á undirstöðuatriðum íslensks máls og íslenskrar málbeitingar jafnframt því að fá hagnýtar upplýsingar um íslenskt samfélag sem gagnast þeim í daglegu lífi.

Á fyrstu tveimur þrepunum er mælt með því að einskorða kennslu við 7-8 viðfangsefni. Viðfangsefni sem kynnt eru á 1. þrepi eru einnig útfærð fyrir seinni þrep, en nýjum viðfangsefnum bætt við.

Mynd nr. 2, dæmi um skiptingu viðfangsefna á þrep

Viðfangsefni	Þrep			
	1.	2.	3.	4.
Ég, persónulegar upplýsingar	x	x	x	x
Fjölskyldan, fatnaður	x	x	x	x
Heimili, húsnæði, húsbúnaður	x	x	x	x
Skóli, skólastarf	x	x	x	x
Atvinna	x	x	x	x
Í dagsins önn, matur og máltíðir	x	x	x	x
Verslun og viðskipti	x	x	x	x
Hátíðir, veður og árstíðir	x	x		
Frístundir			x	x
Sjúkdómar, heilsa			x	x
Bæjarfélagið			x	x
Ísland, stjórn mála og stjórnkerfi			x	x

Uppbygging á viðfangsefnum

Flest viðfangsefni ná yfir öll þæpi og komið er að þeim aftur á hverju þæpi. Atriði, sem áður hefur verið unnið að, eru endurþjálfuð um leið og lagt er inn nýtt efni. Innan hvers viðfangsefnis eru gefin dæmi um námsmarkmið, sérstaklega hvað varðar upplýsingar um íslenska menningu, orðaforða, uppbyggingu málsins og málnotkun.

Efni og innihald hvers viðfangsefnis er valið með það fyrir augum að aðaláhersla sé lögð á talað mál og hlustun, hagnýta málnotkun og málfræðikunnáttu. Minni áhersla er lögð á lestur og ritun, sérstaklega á fyrstu tveimur þæpunum. Á 1. þæpi A er áherslan lögð á læsi.

Talþjálfun

Nemendur eru þjálfaðir í samskiptum við íslenskar aðstæður, t.d. með því að æfa framburð einstakra hljóða og hljóðasambanda. Stefnt er að því að nota eðlilegt íslenskt mál við óformlegar aðstæður, s.s. almennar samræður vina og formlegar aðstæður, t.d. í atvinnuviðtali. Á byrjunarþæpum er gott að nota myndir sem vekja spurningar og athugasemdir. Á efri þæpum eru valin viðfangsefni sem líkleg eru til að vekja áhuga og umræður meðal nemenda og þeir þekkja. Þjálfun talmáls byggist á verkefnum sem krefjast raunverulegra tjáskipta milli nemenda með opnum spurningum og lausnum sem byggjast á samvinnu nemenda. Mikilvægt er að njörva kennsluáætlunina ekki niður svo að nýta megi áhuga nemenda á ákveðnum atriðum, sem koma upp í kennslustund, til talþjálfunar og málörvunar.

Hlustun

Markmiðið er að nemendur geti skilið talað mál við ýmsar hversdagslegar aðstæður. Kennurum ber að varast að tala óeðlilega hægt og skýrt. Nemendur fá tækifæri til að heyra og skilja bæði óformlegan og formlegan málstíl mismunandi aðila, sem dæmi má nefna hversdagslegar umræður á milli vina og kunningja og fréttáflutning í fjölmiðlum. Því betur sem nemendur þekkja umfjöllunarefnið þeim mun auðveldara er að skilja það. Þetta er sérstaklega mikilvægt á neðri þæpum.

Lestur

Markmiðið er að þjálfa nemendur í lestri á stuttum, hagnýtum texta. Mælt er með því að námsefnið byggist á raunverulegum textum úr umhverfinu. Lesefni eykst og þyngist með hverju þrepi.

Ritun

Mælt er með því að verkefnin séu hagnýt og byggð á reynslu nemenda, s.s. á persónulegum upplýsingum um nemandann, útfyllingu eyðublaða og útgáfu rita með hagnýtum upplýsingum sem nemendur vinna sjálfir. Leitast er við að gera nemendum grein fyrir mismunandi ritstíl, s.s. bókmenntastíl og tæknistíl sem tengist atvinnu. Ferlisritun hentar vel í tungumálakennslu. Fyrst eru hugmyndir skráðar á blað (orðaforði þjálfaður) og þeim raðað í skipuleg form (æfð framsetning); í framhaldi af því eru villur leiðréttar og textinn prófarkalesinn. Nemendur leiðréttu eins og þeir geta en kennari leggur áherslu á að leiðréttu mest áberandi villurnar í textanum. Það hefur lítinn kennslufræðilegan tilgang að leiðréttu hverja villu sem byrjandi gerir í ritun. Mælt er með því að hvetja nemendur sjálfa til að leiðréttu eftir bestu getu og leggja áherslu á að leiðréttu fáar villur í einu.

Málfræði

Gera skal greinarmun á því að kenna um mál og að kenna málnotkun. Eitt er að geta notað málfræði til samskipta, annað að geta t.d. nefnt málfræðihugtök eða útskýrt málfræðileg atriði. Markmið íslenskukennslu fyrir útlendinga er að kenna málnotkun en ekki að kenna um málfræði. Þessi áhersla byggist á því að málfræði er sett fram og hún þjálfuð í samhengi við aðra hluta málsins með samskiptafærni að aðalmarkmiði. Málfræðikennsla er markviss á byrjunarþrepi og óhjákvæmilegt er að útskýra undirstöðuatriðin sérstaklega. Með því er lagður grundvöllur að sjálfsnámi nemenda. Sem dæmi má setja fram beygingarendingar einstakra veikra sagna, sem komið hafa fram í ákveðnu samhengi, s.s. *skrifa*, með því að setja þær upp í kassa sem dregur fram endingamynstrið. Sögnin er svo æfð á mismunandi vegu með hjálp mynda. Þessi framsetning reynist betur í þeirri kennslu sem hér er

lýst, en t.d. að byrja kennslu með því að segja að sagnir í íslensku beygist eftir veikri eða sterkri beygingu og innan hvors flokks séu svo og svo margar beygingarflokkar. Ágætt er að nota góða málfræðibók sem uppsláttarrit með öðru efni og tengja málfræðina þeim textum sem fengist er við. Áður en kennarar velja efni og innihald einstakra kennslustunda verða þeir að gæta þess að kenna sérstaklega málfræðileg atriði sem nemendur verða að hafa á valdi sínu til að leysa verkefni sem lögð eru fyrir þá.

Þáttur málfræðikennslu eykst venjulega með aukinni menntun og reynslu nemandans í tungumálanámi. Ekki er ósennilegt að nemendur biðji um meiri málfræðikennslu en hún má ekki verða uppistaðan í náminu og ekki slitin úr samhengi við aðra þætti námsins.

Varast ber að láta nemendur þýða. Þýðingar þjóna litlum tilgangi í tungumálkennslu á byrjunarþrepi.

Málnotkun

Hluti af málfærni er að geta notað málið á viðeigandi hátt við mismunandi aðstæður og að nemendur standi jafnfætis öðrum þátttakendum í samskiptum sem fara fram á íslensku. Í lýsingum á þrepum er gerð tilraun til að setja fram námsmarkmið á sviði málnotkunar en samskiptafærni má einnig efla með hlutverkaleikjum, leikþáttum, umræðum og greiningu á hegðun fólks við ýmsar aðstæður. Mikilvægt er að nemendum sé kennt daglegt íslenskt mál og að kennarar hafi skilning á raunverulegri málþörf nemenda. Vert er að hafa í huga að mál breytist eftir:

- tengslum viðmælenda, t.d. er íslenskt mál, sem notað er í kunningjahópi, öðruvísi en málið sem notað er í atvinnuumsókn eða viðtali
- hvar málið er notað, s.s. í síma eða í eigin persónu á opinberri skrifstofu
- umræðuefni, t.d. við að segja brandara eða ræða atvinnutengt vandamál.

Námsmat að loknu hverju þrepi

Námsmat getur verið fjölbreytilegt en byggist í aðalatriðum á þeim markmiðum sem stefnt var að í kennslu á viðkomandi þrepi. Mælt er með fjölbreytilegum aðferðum við námsmat, s.s. dagbókarfærslum, viðtölum, möppumati auk hefðbundinna prófa.

Dagbækur - tölvupóstur

Dagbókarfærslur er hægt að notast við til þess að þjálfarar nemendur í ritun, fylgjast með líðan þeirra og framförum í náminu. Kennari og nemandi, eða nemandur innbyrðis, skrifast á um efni í íslenskukennslunni. Dagbækur skal einkum nota við eftirlit. Einnig er hægt að nota tölvupóstsamband á milli nemenda og kennara í þessu skyni.

Viðtöl

Einu sinni til tvisvar á námstímanum er mælt með því að kennari fundi með hverjum nemenda og ræði framvindu námsins, ástundun og efni. Með því er hægt að aðstoða hvern og einn og veita leiðbeiningar um þá þætti sem ganga vel og það sem betur má fara.

Listar

Listi á borð við þann sem sýndur er á mynd nr. 3 getur reynst gagnlegur til þess að meta árangur í talmáli og skilningi, bæði í kennslustundum og í prófum. Til dæmis má skipta talmáli í eftirtalda þætti og merkja við árangur eftir því sem við á:

Mynd nr. 3

	oftast réttur	stundum réttur	sjaldan réttur	alls ekki réttur
framburður				
hljóðfall				
áherslur				
orðaval				
setningakipan				
málfræði:				
nafnorð:				
kyn				
tala				
föll				
sagnir:				
nt.				
þt.				
ft.				
samsettar				
annað				
annað				
málnotkun				
þátttaka í umræðum				
annað				

Listann má laga að aðstæðum og nota á ýmsa vegu til að meta talað mál, ritað mál eða annað.

Möppumat

Möppumat byggist á því að verkefnum nemenda er safnað saman yfir tiltekið tímabil, verkefni og viðfangsefni eru flokkuð í heildir og efnistösk og framvinda verkefna metin í lok hverrar verkefnalotu.

Leiðbeiningar til kennara

Nám fullorðinna

Markmið náms og kennslu er að stuðla að því að nemendur fái aðstoð við hæfi í samræmi við tungumálabakgrunn, námsbakgrunn, kunnáttu í íslensku og þörf fyrir kunnáttu í íslensku. Til að svo megi verða þurfa kennarar að hafa þekkingu á námi og kennslu fullorðinna og hagnýtt kennsluaðferðir sem henta viðfangsefninu á hverjum tíma.

Áhrif móðurmáls

Talið er að erfiðara sé að tileinka sér nýtt tungumál eftir ellefu ára aldur. Að læra tungumál er þó síður en svo ómögulegt eftir ellefu ára aldur en það er flóknara ferli þar sem fleiri þættir hafa áhrif á máltileinkun fullorðinna en barna. Sérstaklega eru áhrif móðurmálsins og rætur menningar meira áberandi hjá fullorðnum en börnum sem læra nýtt tungumál. Fræðimenn greinir á um hvaða áhrif formgerð móðurmálsins hefur á nám í öðrum tungumálum en þau geta verið bæði jákvæð og neikvæð. Þetta getur bæði flýtt fyrir máltileinkun en einnig tafið fyrir henni. Óljóst er hvernig þessi áhrif koma fram. Það virðist sem sumir geti nýtt sér þessa þekkingu til að ná næstum sömu tókum á málinu og innfæddir en aðrir eru alltaf eins og byrjendur. Málfræði eins tungumáls er í raun hvorki auðveldari né erfiðari en önnur. Því ólíkara sem mál og menningarlegur bakgrunnur nemandans er íslenskri tungu og menningu þeim mun líklegra er að íslenskunámið verði erfiðari. Þó eru margar undantekningar frá þessu og koma þar til einstaklingsbundin atriði, s.s. þörf og áhugi, málakunnátta almennt, námsgeta, læsi, almenn þekking og lífsreynsla. Menningar- og félagsleg atriði hafa líka áhrif, s.s. afstaða nemenda til námsins og ýmis kennslufræðileg atriði, s.s. fjölbreytt kennsla, námsefni o.þ.h.

Framburður

Nemendur, sem byrja að læra erlent tungumál á fullorðinsaldri, munu í flestum tilvikum tala með nokkrum hreim. Óraunhæft er því að stefna að því að nemendur tali án hreims. Hins vegar ber að þjálfa þá í framburði þannig að hreimurinn verði þeim ekki til trafala í samskiptum við Íslendinga. Mælt er með því að taka fyrir áberandi framburðareinkenni og hljómfall og æfa sérstaklega. Orsakir hreims eru þó ekki auðgreinanlegar. Einkum liggja þrjár orsakir að baki.

Ein orsök hreims er þegar hljóð eða hljóðasambönd í íslensku eru ekki til í móðurmáli nemenda. Sem dæmi má nefna /p/ og /ð/. Þýskumælandi nemendur eiga til að nota /z/ og /s/ í staðinn. Þá reynast raddlaus /l/ (hóll) og /r/ (þrír) sem

og aðblásin hljóð eins og /tt/ í (hattur) mörgum erfið. Þá eru /b/, /d/, og /g/ í íslensku skrifuð sem rödduð hljóð en eru í reynd órödduð og ófráblásin og hljóma sem /p/, /t/, og /k/ í eyrum þeirra sem hafa rödduð lokhljóð í móðurmáli sínu.

Önnur orsök hreims er flutningur hljóðkerfisreglna milli tungumála. Sem dæmi má nefna mjög virka reglu úr ensku, sem vísar til þess að hljóð dregst saman í áherslulausum atkvæðum, s.s. í síðasta atkvæði orða eins og *father* (faðir) og *mother* (móðir) sem eru borin fram nokkurn veginn /faðr/ og /moðr/. Þessi regla er stundum færð yfir á íslensku af enskumælandi fólki og orðin faðir og móðir borin fram sem /faðr/ og /móðr/.

Í þriðja lagi leitast nemendur við að viðhalda atkvæðum eða tónfalli í eigin tungumáli. Til dæmis er atkvæðagerð í mörgum tungumálum af asískum uppruna SVSV, þ.e. orð og orðhlutar eru samansettir af einum samhljóða, einum sérhljóða, einum samhljóða o.s.frv. Fólki með móðurmál af þessu tagi á oft erfitt að bera fram samhljóðaklasa og leitast við að bæta inn sérhljóðum þar sem þau eiga ekki við eða sleppa samhljóðum úr klasanum, t.d. verður skóli að /se ko II/ eða /koli/.

Oft er nauðsynlegt að taka einstök hljóð og hljóðasambönd fyrir sérstaklega. Þá er ágætt að byrja á að þjálfar fólki í að heyra og skynja mismun á hljóðum áður en framburður er æfður, síðan má þjálfar nemendur í að bera fram hljóðin ein og sér og að lokum í samhengi, þ.e.a.s. í orðum og setningum.

Nemendur sem tala tungumál sem eru rituð með öðru lettri

Sumir nemendur virðast heldur seinni að tileinka sér tungumál sem skrifað er með öðru lettri en móðurmálið. Hér er ekki um ólæsi að ræða. Lestrartækni er óháð tungumálum. Um leið og læsir nemendur hafa stafrófið á valdi sínu og kunna eitthvað fyrir sér í málinu geta þeir lesið það. Ef nemandi kann fyrir annað tungumál sem skrifað er með latnesku lettri þarf hann sennilega ekki sérstaka kennslu í að nota íslenska stafrófið.

Menning

Menningarlegur bakgrunnur nemenda hefur áhrif á tungumálanám. Því fjær sem menningargildin, viðhorf, hefðir og hegðun eru frá hefðbundinni íslenskri menningu því lengri tíma tekur að brúa bilið. Þetta á sérstaklega við um afstöðu til náms, kennsluaðferðir og kennara. Staða karla og kvenna, afstaða nýbúans til Íslands og afstaða Íslendinga til nýbúans, aðstæðna sem leiddu til búsetu hér á land o.fl., allt hefur þetta áhrif á framvindu námsins.

Aðferðir sem reynst hafa vel í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku

Til að ná tökum á talmáli verða nemendur að fá tækifæri til að tjá sig. Því fer vel að nota kennsluaðferðir þar sem nemendur taka virkan þátt í náminu og vinna saman að lausn hagnýtra verkefna sem gagnast þeim í daglegu lífi. Hlutverk kennarans er aðallega að skipuleggja og undirbúa verkefnin þannig að nemendur noti málið sem mest við lausn þeirra. Hópvinnu þarf að skipuleggja þannig að hver nemandi beri ábyrgð á hluta verksins og að nemendur verði að vinna saman við lausn þess. Áður en nemendur geta unnið sjálfstætt þarf kennari að sjá um að þeir hafi nauðsynlega undirstöðu til að leysa verkefnið af hendi, t.d. á eftirfarandi hátt:

- Kennari kannar málakunnáttu og þekkingu nemenda á viðfangsefninu.
- Kennari leggur inn nýtt efni, þ.á.m. orðaforða, málfræði, upplýsingar um málnotkun og menningu.
- Nemendur fjalla um og æfa sig á nýjum atriði og fá tækifæri til að tala, hlusta, lesa, skrifa, æfa sig í málnotkun á sem eðlilegastan hátt.
- Nemendur leysa verkefni einir og í hópum.
- Nemendur kynna niðurstöður munnlega, skriflega eða eru prófaðir á annan hátt.

Samvirkt nám - hlutverkanám

Ein leið til að fá þjálfun í talmáli er að hver nemandi taki að sér hluta verks og gerist „sérfræðingur“ á einhverju ákveðnu sviði. Ef verkefnið felur í sér að kynna ákveðið starf tekur einn nemandi að sér að lýsa starfinu, annar rannsakar hvaða menntun þarf til starfsins og hvar hún sé í boði, sá þriðji athugar laun og

framamöguleika. Þessir þrír verða síðan að kynna niðurstöðurnar hver fyrir öðrum og koma upplýsingum saman til flutnings fyrir bekkinn. Meðan á undirbúningi stendur verða nemendur að nota íslensku.

Ferlisritun – skrifað í skrefum

Í ferlisritun byrjar nemandinn að skrifa út frá persónulegri reynslu og vinnur sig smám saman upp í flóknara ritmál. Þegar nemendur segja frá persónulegri reynslu sinni eru þeir sérfræðingarnir og viðfangsefnið vefst ekki eins fyrir þeim í tungumálanáminu. Í ferlisritun er ritferlið sjálft ekki síður mikilvægt en lokaverkið. Nemendur eru hvattir til að skrifa mikið og oft án þess að nokkur lesi eða leiðrétti. Unnið er að því að koma hugmyndum á blað fyrst, þá eru þær settar í skipulegra form og nemendum er hjálpað til að skýra hugmyndir sínar með nákvæmum leiðbeiningum, einir og í hópum. Þá eru orð, orðasambönd, málfræðivillur og setningaskipan leiðrétt af nemendum sjálfum, í hópum og síðast af kennara. Í tímaverkefnum af þessu tagi er kjörið að nýta tölvutæknina til hins ítrasta til þess að vinna með hugmyndir, s.s. ritvinnslu leiðréttingarforrit og tölvupóst. Mikilvægt er að hagnýta kosti margmiðlunartækninnar við íslenskukennslu nýbúa eins og kostur er, tölvutæknin og aðgangur að Netinu skapar margvísleg tækifæri til samskipta á íslensku.

Aðlögun kennslu

Kennslu má aðlaga m.a. með því að:

- tala skýrt og með eðlilegum hraða. Ekki tala of hægt, hátt eða óeðlilega skýrt
- láta nemendur endurtaka fyrirmæli og leiðbeiningar til að ganga úr skugga um skilning
- nota einfaldar, stuttar setningar í byrjun, t.d. varast þolmynd, flóknar tilvísunarsetningar, of mörg fornöfn og önnur orð og orðasambönd sem torvelda skilning
- endurtaka sömu upplýsingar á mismunandi vegu
- fara varlega, sérstaklega í upphafi, með óljós menningarbundin orðatiltæki, t.d. „þar skall hurð nærri hælum“

- leiðréttá í hófi, ekki fórna samskiptum fyrir leiðréttingar. Gott er að leiðréttá með því að endurtaka rétt
- muna að nemendur þurfa að fá þjálfun í að tala en ekki kennarinn
- vera vakandi fyrir menningarlegum og perónulegum breytum sem koma í veg fyrir jafna þátttöku nemenda í kennslustundinni
- skrifa mikilvæg orð, setningar og leiðbeiningar á töfluna
- nota myndir, hluti, gröf o.s.frv. til að auðvelda skilning.

Námöggn

Námöggn þurfa um fram allt að tengjast þörfum og reynslu nemenda. Nota skal raunveruleg gögn eins og unnt er, t.d. dagblöð, eyðublöð, leiðbeiningar, atvinnutengt efni og ýmis hagnýt upplýsingarit, vefsíður og smásögur. Kennarar geta tekið sig saman og safnað efni í möppur eftir þemum og haft þannig aðgang að gagnasafni og leiðbeiningum um notkun. Málfræðibækur eru góðar sem uppsláttar- og hjálpargögn. Ýmiss konar efni, s.s. greinar og bæklinga, má aðlaga að íslenskukunnáttu nemenda með því að:

- einfalda málfar og orðaforða
- einfalda setningar með því að breyta þolmynd í germynd, nota tilvísunarsetningar í hófi o.s.frv.
- leggja áherslu á aðalatriði og taka út atriði sem ekki skipta máli fyrir meginhugsun
- nota fyrirsagnir.

